

AUGLÝSING
um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá
fyrir Hjálparstarf kirkjunnar nr. 1030/2011.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

1. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Hjálparstarf kirkjunnar er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var af þjóðkirkju Íslands þann 9. janúar 1970 og starfar á hennar vegum. Heimili og varnarþing er í Reykjavík. Biskup Íslands er verndari stofnunarinnar. Merki hennar er fiskur og kross í skál, blátt að lit.

4. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Hlutverk Hjálparstarfs kirkjunnar er að starfrækja mannúðar- og hjálparstarf í nafni íslensku þjóðkirkjunnar innanlands sem utan og fræða íslenskan almenning um það á ýmsum vettvangi. Stofnunin setur saman og miðlar markvisst fræðsluefní um hjálparstarf til barna, unglings og fullorðinna í gegnum skóla og kirkjur og gerir þannig hjálparstarfið sýnilegra. Hlutverk Hjálparstarfs kirkjunnar er meðal annars rækt með eftirfarandi hætti:

A. Innanlands.

- a) Að veita aðstoð í neyðartilfellum.
- b) Að greina vanda og veita félagslega ráðgjöf og efnislega aðstoð ásamt því að beina skjólstæðingum þangað sem þeir geta vænst aðstoðar sem stofnunin veitir ekki beint.
- c) Að leitast við að afla nákvæmra upplýsinga um einstaklinga og málefni sem ástæða er til að styrkja, í sem nánustu samráði við presta, félagsþjónustu og aðra tengda aðila.
- d) Að vera prestum, djáknúum, söfnuðum og líknarfélögum til aðstoðar í líknarþjónustu þeirra og vinna með þeim að sameiginlegrí úrlausn mála einstakra skjólstæðinga.
- e) Að upplýsa almenning og stjórnvöld um kjör þeirra sem eru í nauðum staddir og vera málsvari þeirra.

B. Erlendis.

- a) Að veita mannúðaraðstoð þar sem neyðarástand hefur skapast og útrýma fátækt og hungri og stuðla að félagslegri þróun með verkefnum í þróunarsamvinnu.
- b) Að stuðla að því að mannréttindi séu virt.
- c) Að vinna með íslenskum stjórnvöldum og fagaðilum að faglegri framkvæmd hjálparstarfs og stuðla að auknum stuðningi almennings við þróunarsamvinnu.
- d) Að vera talsmenn undirokaðra gagnvart íslenskum almenningi og stjórnvöldum.

C. Fræðsla.

Til þess að ná þessum markmiðum skal Hjálparstarf kirkjunnar standa fyrir fræðslustarfi.

Þar skal stefnt að því að fræða landsmenn um gildi þróunarsamvinnu og um mannúðar- og mannréttindamál. Jafnframt skal veita landsmönnum upplýsingar um hjálparstarf stofnunarinnar á hverjum tíma. Ennfremur skal leitast við að fræða um sérstöðu Hjálparstarfs kirkjunnar sem kirkjulegrar stofnunar og kenna grundvallaratriði í afstöðu kristinna manna til þurfandi meðbræðra.

Nr. 1281

20. nóvember 2018

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir, Hjálpstarf kirkjunnar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 20. nóvember 2018,

Björn Ingi Óskarsson.

Auður Steingrímsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2018